

STARFSÁÆTLUN FÉLAGSMIÐSTÖÐVARINNAR FÖNIX (SALASKÓLA) 2022-2023



1. Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Fönix er staðsett í Salaskóla að Versölum 5 og þjónustar börn og unglinga í 5. – 10. bekk. Fjöldi barna og unglinga sem félagsmiðstöðin þjónustar er 353. Forstöðukona í Fönix er Tinna Heimisdóttir. Síminn í Fönix er 696-1627 og netfang forstöðukonu er tinnaheimis@kopavogur.is

Á mánudögum klukkan 17:00-18:30 fer fram sértækt hópastarf og klúbbastarf fyrir 8.-10.bekk og svo opnun samkvæmt dagskrá frá 19:30-22:00. Á miðvikudögum er opið fyrir 5.-7.bekk frá kl. 17:00-18:30 aðra hverja viku og fyrir 7.bekk eingöngu aðra hverja viku. Svo er opnun samkvæmt dagskrá frá 19:30-22:00 fyrir 8.-10.bekk. Einnig er opið annan hvern föstudag frá kl. 19:30-23:00. Mánudaga til fimmtudaga er opið í frímínútum og boðið upp á hádegis- og síðdegisopnanir. Opnanir geta raskast vegna funda og fræðslu starfsfólks.

2. Félagsmiðstöðvadagatal

Fristundadeild

Félagsmiðstöðvadagatal 2022 - 2023

Félagsmiðstöð:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 M Frídagur verslunarmanna	1 F	1 L	1 D Forstöðunarmatundur	1 F Félagsmiðstöðin	1 S	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F
2 D	2 F	2 S	2 M	2 F Auka föstudagsopnun (Féko)	2 M	2 F	2 F	2 S Þáttasemningur	2 D Forstöðunarmatundur	2 F Undirbúningur - sumar
3 M	3 L	3 M Forvarnarkvöld	3 F	3 L	3 D	3 F Félagsopnun	3 F Skólabætur	3 M (Undirbúningur fyrir 3. M) Skólabætur	3 M	3 L
4 F	4 S	4 D Forstöðunarmatundur	4 F Auka föstudagsopnun (Féko)	4 S	4 M	4 L	4 L Skólabætur	4 D Forstöðunarmatundur	4 F	4 S Skólabætur
5 F	5 M	5 M Forvarnarkvöld	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S Skólabætur	5 M Skólabætur	5 F	5 M
6 L	6 D Forstöðunarmatundur	6 F	6 S	6 D	6 F	6 M	6 M	6 F Skólabætur	6 L	6 D
7 S	7 M	7 F Auka föstudagsopnun (Féko)	7 M	7 M	7 L	7 D Forstöðunarmatundur	7 D Forstöðunarmatundur	7 F Forstöðunarmatundur	7 S	7 M
8 M	8 F Starfisdagur Samtes	8 L Landnemur Samtes - Skólabætur	8 D Barntúndur gegn einelti	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F
9 D	9 F Starfisdagur Samtes	9 S Landnemur Samtes - Skólabætur	9 M	9 F Félagsopnun	9 M	9 F	9 F	9 S Þáttasemningur	9 D	9 F
10 M	10 L	10 M Músskíð	10 F	10 L	10 D Forstöðunarmatundur	10 F	10 F	10 M Annar í þessum	10 M	10 L
11 F	11 S	11 D Músskíð	11 F	11 S	11 M	11 L	11 L	11 D	11 F	11 S
12 F	12 M	12 M Músskíð	12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F Félagsopnun	12 M
13 L	13 D	13 F Músskíð	13 S	13 D Forstöðunarmatundur Teams	13 F	13 M	13 M	13 F	13 L	13 D
14 S	14 M Þóttastærkar	14 F Félagsopnun	14 M	14 M	14 L	14 D	14 D	14 F Félagsopnun	14 S	14 M
15 M	15 F	15 L	15 D Forstöðunarmatundur Teams	15 F	15 S	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F
16 D	16 F Þóttastærkar	16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 F	16 S	16 D	16 F
17 M	17 L	17 M Félagsmiðstöðva- og ungmenntahúsið	17 F	17 L	17 D	17 F Félagsopnun	17 F	17 M	17 M	17 L
18 F	18 S	18 D Forstöðunarmatundur Teams	18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 D Forstöðunarmatundur	18 F	18 S
19 F	19 M	19 M Félagsmiðstöðva- og ungmenntahúsið	19 L	19 M	19 F	19 S	19 S	19 M	19 F	19 M
20 L	20 D	20 F Félagsmiðstöðva- og ungmenntahúsið	20 S	20 D	20 F	20 M	20 M	20 L	20 D	20 F
21 S	21 M	21 F	21 M	21 M	21 L	21 D	21 D	21 F	21 S	21 M
22 M	22 F	22 L	22 D	22 F	22 S	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F
23 D	23 F	23 S	23 M	23 F	23 M	23 L	23 L	23 D	23 F	23 M
24 M	24 L	24 M	24 F	24 L	24 D	24 F	24 F	24 M	24 M	24 L
25 F	25 S	25 D	25 F	25 M	25 L	25 D	25 D	25 F	25 S	25 M
26 F	26 M	26 F	26 L	26 M	26 F	26 M	26 M	26 L	26 F	26 M
27 L	27 D	27 F	27 S	27 M	27 L	27 D	27 D	27 F	27 S	27 M
28 S	28 M	28 F	28 L	28 M	28 F	28 M	28 M	28 L	28 F	28 M
29 M	29 F	29 L	29 D	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 F	29 M
30 D	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M	30 L	30 L	30 D	30 F	30 M
31 M		31 M		31 L	31 D		31 F		31 M	

3. Starfið í vetur

Í vetur erum við með áherslur fyrir miðstigs starfið annars vegar og unglinga starfið hins vegar. Við höfum því ákveðið að vera með miðstigsopnanir fyrir 5.-7.bekk annan hvern miðvikudag og opnanir fyrir 7.bekk hinn miðvikudaginn á móti. Þetta gerum við til að koma til móts við miðstigið og 7.bekkinn sérstaklega þar sem við teljum að miðstigið þurfi á fleiri opnunum að halda. Við byggjum það á samtali við kennara, foreldra og krakkana sjálfa. Við reynum að hafa góða dagskrá sem við búum til í samráði við krakkana og höfða til fjöldans. Einnig stefnum við á að vera með Dungeons & dragons spilahittinga þar sem áhugi er á því hjá stórum hóp á miðstigi.

Í unglinga starfinu munum við leggja áherslu á að vera með sértækt hópastarf og annað klúbbastarf á mánudögum klukkan 17-18:30 fyrir 8.-10.bekk. Sértækir hópar eru valdir í samstarfi við skólann og hugmyndir að klúbbastarfi fáum við frá unglingunum sjálfum.

Við höfum alltaf fengið góða mætingu í frímínútum, hádegishléi og eftir skóla og munum því halda áfram að vera með þær opnanir frá mánudögum til fimmtudaga. Einnig nýta unglingarnir sér að koma til okkar þegar það kemur eyða í stundatöflu hjá þeim. Á þeim tímum sem við erum ekki í húsi, sem er aðallega á mánudags- og miðvikudags morgnum nýtir skólinn rýmið okkar undir hópavinnu og þess háttar.

Við erum sem áður með val í stundatöflu á unglingastigi og í ár er það þrískipt. Í fyrstu og síðustu lotu er svokallað félagsmálavall þar sem við búum til dagskrá mánaðarins og undirbúum viðburði hvers mánaðar. Einnig fer fram fræðsla um orkudrykki, samfélagsmiðla, fjármál, hinsegin málefni og annað sem fellur til eða óskað er eftir. Þá er einnig farið yfir starfsemi Félkó og Samfés og viðburði á þeirra vegum. Í annarri lotu erum við með Dungeons & dragons val þar sem við munum leitast við að kenna unglingunum á hlutverkaleikinn og koma þeim áfram í sjálfstæða hópa eftir að valinu lýkur. Þá munum við bjóða hópunum upp á að spila á opnunartíma Fönix ef þau óska þess. Í hverju vali eru um 15-25 unglingar.

Við erum í stöðugum samskiptum við skólann varðandi börn og unglinga og mál sem þarf að taka á ásamt því að ræða um sameiginleg mál og viðburði. Fundir með aðstoðar skólustjóra eru þegar þörf þykir og það sama gildir um fundi með kennurum og öðru starfsfólki. Forstöðukona Fönix og námsráðgjafi eru saman í teymi um undirbúning barnaþings 2023 líkt og á síðasta ári og forstöðukona situr einnig í forvarnarteymi skólans. Þá situr forstöðukona einnig teymisfundi ákveðinna unglinga sem proskapjálfi telur þörf á. Við erum ávallt í samskiptum við skólann þegar kemur að sértæku hópastarfi og skoðum hvaða hópar eða einstaklingar þyrftu á slíku starfi að halda. Einnig erum við að skipuleggja starf í samstarfi við sérdeild skólans sem hluta af menntastefnu markmiði, en það er til að koma til móts við unglinga sem þurfa aukinn stuðning inn í félagsmiðstöðina.

Helstu viðburðir ársins eru árshátíð, jólaball, gistinætur fyrir 8.bekk og 10.bekk, kökukeppni, söngkeppni, bæjarferð, heimsóknir, afmælisveisla, kareoke, ÍTK vikan, rafíþróttamót og ýmsar fræðslur. Þetta er ekki tæmandi listi en félagsmiðstöðva val kemur svo að því að skipuleggja fleiri viðburði. Jólaballið og árshátíðin er unnin í samvinnu með skólanum. Helstu sameiginlegu viðburðir félagsmiðstöðva í Kópavogi eru ÍTK vikan, forvarnarvikan, Mola vikan, stuttmyndahátíð, rafíþróttamót, nýársball, Getkó, Félkó ball, sköpunardagurinn, skíðaferð, söngkeppnin og lokahátíð Félkó.

Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðvanna og Samfés eru meðal annars landsmót, félagsmiðstöðva- og ungmennahúsavikan, rappkeppnin Rímnaflæði, rafípróttamót, danskeppni, hönnunarkeppnin Stíll, Samfestingurinn, söngkeppnin og leiktækjamót. Einnig eru starfsmannaviðburðir á borð við starfsdaga, aðalfund og Samfés con.

4. Hópastarf

Allt okkar starf er opið starf en ef við teljum þörf á að vera með lokað hópastarf til að takast á við ákveðinn vanda eða til að efla ákveðna hæfni þá gerum við það. Slíkt er oftast gert í samstarfi við skólann og forsjáraðila. Við erum í góðum samskiptum við aðila innan skólans sem sér um mál nemenda með annað móðurmál en íslensku sem og nemendur sem eru félagslega einangraðir, sækja sértæka félagsmiðstöð (Hrafninn) eða eru með annars konar vanda. Skólinn vinnur mjög gott starf með þessum nemendum og fær oft aðstoð og ráðleggingar frá starfsfólki Fönix eða aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar að láni. Einnig erum við að vinna að því að koma betur til móts við unglinga sem þurfa á stuðningi að halda líkt og kom fram í síðasta hluta.

Dungeons & dragons valáfanginn er miðaður að því að ná inn ákveðnum unglingum sem annars finna enga samleið með dagskrá félagsmiðstöðvarinnar og erum við þar með að vinna beint með kafla 15 og 31 í Barnasáttmálanum. Við vinnum einnig að markmiðum þeirra kafla með því að leita reglulega til unglinganna og fá þeirra þælingar og hugmyndir að því hvernig starfinu okkar er háttað, þá sér í lagi klúbbum, hópastarfi og dagskrá. Við vinnum einnig markvisst í gegnum starfið okkar að köflum númer 2, 12, 13, 15, 29, 31, 33 og 42. Þannig má segja að starfið okkar sé byggt upp á áður nefndum köflum þar sem við leitumst við að halda að þeim forvörnum, vera öruggur staður fyrir þau, hafa þau með í ráðum varðandi flest sem við gerum, hlusta á þau og trúa þeim og veita þeim rými til þess að þroskast og eiga heilbrigð samskipti við jafnaldra og starfsfólk. Forstöðukona er í samstarfi við starfsfólk skólans að undirbúa Barnaþing Kópavogs 2023 sem heyrir beint undir verkefni innleiðingar á heimsmarkmiðunum og barnasáttmálanum.

Í vetur munum við leitast við að vera með sértækt hópastarf og höfum við þegar gert drög að dagskrá fyrir ákveðinn hóp sem við viljum vinna með. Sá hópur samanstendur af unglingum sem við teljum að þurfi á félagslegum stuðningi að halda ásamt því að vinna að því að auka sjálfstraust þeirra og sjálfsmynd. Ástæðan er sú að þetta eru unglingar sem fer lítið fyrir og þau halda sig til hlés, sér í lagi þegar aðrir hópar eru nálægt sem eru háværi og taka meira pláss.

Nú á haustmánuðum erum við svo að vinna í því að nýta fjármagn sem við fengum til að sinna betur unglingum sem þurfa stuðning í félagsmiðstöðina, en sérdeildin í Salaskóla telur þrjá nemendur. Fjöldinn sem þarf stuðning er þó mun meiri og erum við að vinna að leiðum til þess að mæta þessum hópi unglinga betur í samstarfi við sérdeildina. Á fundum með þeim höfum við farið yfir hvaða unglingar það eru sem þyrftu á frekari félagslegri stuðningi að halda ásamt því að útbúa áætlun um hvenær og hvernig slíkt starf muni fara fram. Við munum halda áfram reglulegum fundum til þess að taka stöðuna og sjá hvernig gengur og þróa verkefnið áfram og endurskoða áætlunina. Árangurinn munum við svo mæla með einstaklings viðtölum við unglingana ásamt könnun á meðal forsjáraðila þeirra.

4.a Sumaropnun félagsmiðstöðvar

Fönix stóð fyrir sumaropnun í félagsmiðstöðinni í þriðja sinn í sumar. Líkt og árið áður var boðið upp á sumarsmiðjur fyrir 9 til 13 ára börn í eina viku, sértækt hópastarf í 3 vikur og dag- og kvöldopnanir fyrir unglunga. Sumarsmiðjurnar voru brjóstsykursgerð, Tie dye bolamálun, hjólaferð og ratleikur, kökuskreytingar og spilasmíðja. Starf fyrir unglunga var í formi sértæks- og skipulags hópstarfs, vettvangsferða og viðburða. Tveir hópar voru í sértæka starfinu sem samanstóð af tveimur strákum og þremur stelpum í 10.bekk. Valið var í hópinn í samstarfi við þroskaþjálfara sem starfa í sérdeild skólans. Markmið hópanna var að efla þau félagslega ásamt því að bjóða þeim í afþreyingu og skemmtun við þeirra hæfi. Meðal annars var farið í Perluna, Fly over Iceland, upptöku á þættinum Kappsmál á RÚV, sund, folf, miðbæjarferð og fleira. Í almennum sumaropnunum var meðal annars farið í kubb, spil, folf, körfubolta, útilegu og fleira. Þar gátu börn og unglingar komið saman í öruggu og uppbyggilegu umhverfi, og hver og einn notið sín. Þau sem voru hjá okkur í sértæka hópstarfinu komu inn í gegnum vinnuskólann og fengu greitt fyrir að mæta til okkar. Markmið þessa starfs var að fá inn unglunga sem þurfa stuðning til að bæta sig í félagslegum samskiptum og var það okkar hlutverk að efla þau og styrkja í gegnum samveru og leiðsögn.

5. Unglingaráð

Ekkert eiginlegt unglingaráð er í Fönix en félagsmálavali fer með hlutverk þess. Ákveðið var að vera ekki með kosningar í ráð þar sem það hefur ekki tíðkast í tíð forstöðukonu að gera það. Félagsmiðstöðin auglýsir eftir áhugasömum til að skipuleggja viðburði eða mæta á þá viðburði sem unglingunum býðst hverju sinni. Með því finnst okkur við ná til breiðari fjölda unglunga og getum því boðið fleirum að taka þátt í starfi félagsmiðstöðvarinnar. Við erum með tvo fulltrúa í sameiginlegu Félkó ráði og einn fulltrúa í ungmennaráði Kópavogsbæjar.

6. Foreldrasamstarf

Foreldrar fá pósta þegar við viljum senda út fréttir eða upplýsingar um viðburði ásamt því að senda fréttabréf í byrjun hvers mánaðar. Þeim er einnig boðið að fylgja okkur á instagram þar sem við setjum inn auglýsingar fyrir alla viðburði og ýmsan fróðleik. Einnig reynum við eftir fremsta megni að vera í samskiptum við foreldrafélag og foreldrarölt Salaskóla.

7. Verkferlar

- Allir verkferlar frístundadeildar
- Móttaka nýrra starfsmanna
- Öryggisgátlisti
- Gátlistar í sértæku hópstarfi
- Handbók um starfið
- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)

8. Innra mat

Við erum með starfsmannafundi að minnsta kosti einu sinni í mánuði þar sem við ræðum hvað við viljum gera og förum yfir komandi viðburði. Einnig tökum við ígrundun eftir hverja kvöldvakt þar sem við förum yfir vaktina, hvernig gekk, hvað gekk vel og hvað hefði mátt betur fara. Þá hefur starfsfólk tækifæri til þess að koma sínum skoðunum á framfæri og tækifæri til að hafa áhrif á starfið og starfsumhverfið. Við fáum upplýsingar frá R&G um skólann og hverfið sem við störfum í. Við notum mætingatölur og umræður við krakkana í mati á starfinu og leitumst reglulega eftir umsögnum frá forsjáraðilum. Félagsmiðstöðva valið er svo að einhverju leyti talsmenn unglinganna í starfinu og þau hjálpa okkur að móta starfið.


9. Símenntun

Fræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna um það sem er efst á baugi hverju sinni.

Símenntunaráætlun 2022-2023

Fræðsluerindi	Dagsetning	Efni	Fyrirlesari	Staðsetning
Velkomin til starfa- Nýliða/starfsmanna námskeið	24. og 26.ágúst	Nýliðafræðsla og fræðsla um sértækt hópastarf	Áslaug Einarsdóttir	Smáraskóli
Verndari barna	5.september	Vernd barna gegn ofbeldi	Barnaheill - Guðrún Helga	Molinn
Stjórnendafræðsla	13.september	Jákvæð forystuhæfni/stjórnun	Ingrid Kuhlman	Fannborg 6
Skyndihjálp	Kemur síðar	Skyndihjálp	Mannauðsdeild	Eloomi fræðsluvefur
Kynning á fræðslutorgi	6.september- forstöðumannaf.	Eloomi fræðslu og námskeiðskerfi	Athuga mannauðsdeild	Bæjarskrifstofa
Forvarnvarvika Kópavogs	3.október	Samfélagsmiðlanotkun barna og unglinga	Menntabúðir Gunnskóladeildar	Hörðuvallaskóli
Hvaðan ertu – stjórnendafræðsla	1.nóvember	Fjölmenningarfræðsla	Miriam Petra	Fannborg 6
Hvaðan ertu-	7.nóvember	Fjölmenningarfræðsla	Miriam Petra	Fönix
Vika 6	Kemur síðar	Kynfræðsluefni varðandi átakið „Vika 6“	Kolbrún Hrund- Jafnréttisfulltrúi hjá Rvk.borg	Molinn
„Verkfærakistudagur“ félagsmiðstöðvanna	5.des	Læra hvert af öðru samhliða kynningum á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og öðru.		Ekkó
Skipulagsdagur hlutastarfsamanna	10.maí	Starfsmenn ígrunda starfsárið í samstarfi og samtali við deildarstjóra og verkefnastjóra frístundadeildar		Dimma

10. Fjöldatölur veturinn 2021-2022



Vetraropnanir hófust 25.ágúst og stóðu til 31.maí. Sumaropnanir voru frá 1.júní til 11.júlí.

11. Starfsfólk

Tinna Heimisdóttir – Forstöðukona
 Víkingur Angantýsson – Frístundaleiðbeinandi
 Tinna Rún Rúnarsdóttir – Frístundaleiðbeinandi
 Ellert Sigurðarson – Frístundaleiðbeinandi
 Þórunn Soffía Snæhólm – Frístundaleiðbeinandi
 Jóhann Örn Finnsson – Frístundaleiðbeinandi
 Hanna Margrét Heimisdóttir – Tímavinnu starfsmaður
 Hafsteinn Rúnar Jónsson - Tímavinnu starfsmaður
 Sólveig Geirsdóttir – Tímavinnu starfsmaður